

**Forsetabréf Kathy Kaaf,  
Október 2011**

Það er mér heiður og gleði að heilsa ykkur í upphafi kjörtímabils míns. Framtíðin hefur enn ekki verið mótuð og því skulum við móta hana saman. 90 árum eftir stofnun Soroptimistasamtakanna í Oakland í Kaliforníu hefur sýn okkar ekki breyst. Grunnþættir í samtökum okkar eru jafn sterkir og knýjandi og nokkru sinni. Við helgum okkur mannréttindum öllum til handa.

Við leitumst við að leiða fram í dagsljósið möguleika kvenna um allan heim:

**Við erum alþjóðleg rödd kvenna.**

Til þess að okkur takist að vera þessi rödd verðum við að vera meðal best upplýstu kvenna heimsins.

Við verðum að hafa hugrekki til að vekja athygli á erfiðum málum svo sem:

Útflutningi á vopnum, „hreinum“ fataiðnaði („clean clothes“ business), siðlegum fjárfestingum, sanngjörnum viðskiptum (fair trade), markaðsmisnotkun á matvöru, stórfelldum landauppkaupum (land grabbing), smygli, limlestingum á kynfærum, jarðsprengjum og klasasprengjum.

Yfirskrift tímabilsins 2011-2013 er

**„Soroptimistar huga að vatni og fæðu“**

Við viljum sérstaklega halda upp á þetta á **20. Evrópuþingi SI/E sem haldið verður í Berlín, Þýskalandi 2013.**

Við munum ræða um hungur og vannæringu og við viljum vekja athygli á hvers vegna konur ættu að fá að taka virkan þátt í landbúnaðarframleiðslu og sjálfbærni til að bæta lífsafkomu fjölskyldu sinnar og síns nánasta umhverfis.

Aðaláhersluatriðin eru:

- Aðgengi að öruggum vatnsveitum, ræktun og áveitutækni,
- Aukning á sjálfbærni í landbúnaðarframleiðslu, líffræðilegri fjölbreytni og þekkingu á loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra, þekkingu á heimilisfræði og landbúnaðartækni,
- Fiskveiðar, skógrækt, búfjárrækt, garðyrkja, barnagarðar og skólagarðar,
- Varðveisla, geymslutækni og dreifing matvæla,
- Styrking á hlutverki kvenna í samfélaginu með því að veita þeim aukið aðgengi að menntun og tekjuaflandi starfsemi, aðgengi að smálána þjónustu, betri stefnumótunarvinnu,

Við viljum einnig leggja áherslu á hina hlið litrófsins með því að vekja athygli á ofþyngdarvandamálum, offitu og öllum þeim hliðarverkunum sem offita hefur í för með sér. Þar eru aðaláherslurnar:

- Meðvitund um heilbrigðar matarvenjur með aukinni menntun og færni,
- Þekking á sjálfbærni varðandi landbúnaðarframleiðslu og fæðu,
- Vekja athygli á siðlausri spámennsku sem tengist fæðu og landbúnaðarafurðum og landauppkau, -Leggja áherslu á heimagarða, barnagarða og skólagarða (ræktun í körfu)
- Ráðstafanir til að efla sanngjarnari viðskiptakerfi og skattlagningu sem gerir smáræktun arðvænlega,
- Minnka sóun á matvælum, auka meðvitund um umhverfismál og sjálfbærni,

Ég hlakka til að ræða þessi viðfangsefni við ykkur allar og að leita að raunhæfum verkefnum fyrir SI/E klúbbana okkar til að koma þeim verkefnum í framkvæmd sem verða kynnt í Samvinnuverkefnabanka Soroptimista (Soroptimist Project Matching Programme).

Hjarta Soroptimismans eru klúbbarnir okkar. Án klúbbfélaganna væri ekki til neitt Soroptimista net. Án félaga okkar verða engin verkefni unnin á alþjóðavettvangi. Við skulum því móta framtíðina saman og gera Soroptimistahreyfinguna að **Alþjóðlegri rödd kvenna**.

Bestu kveðjur  
Kathy